

Bjarni Reykjalin,
Akipulags- og byggingarfulltrúi
Kjarni
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 11. ágúst 2014
Tilvísun: UST20140700107/ksj


Tillaga að deiliskipulagi svæðis við veiðihúsið Flúðasel, í landi Böðvarsness í Fnjóskadal

Vísað er til erindis Skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu deiliskipulags á svæði veiðihússins Flúðasel í landi Böðvarsness í Fnjóskadal.

Áformað er að byggja við núverandi veiðihús og reisa 5 ný smáhýsi og aðgerðarhús að Böðvarsnesi í nágrenni Fnjóskár. Áætlunin er í samræmi við aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010 - 2022, og er framkvæmdarsvæðið á óræktuðu landbúnaðarsvæði við Fnjóskadalsveg eystri. Á svæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá né vistgerðir og jarðmyndanir sem hafa sérstaka vernd skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að framkvæmdir við fráveitu séu í samræmi við lög og reglugerðir. Einnig er mikilvægt að framkvæmdir falli vel að umhverfinu. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun